

Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Skóla- og frístundaráð samþykkir eftirfarandi 16 tillögur úr skýrslunni Fagleg staða stjórnenda í skóla- og frístundastarfi. Tillögurnar eru ýmist án kostnaðarauka eða rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

1. Skýra verkaskiptingu, umboð og ábyrgð á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra samhliða auknu starfshlutfalli aðstoðarleikskólastjóra.
2. Starfspróun með áherslu á faglega leiðtoga, farsæla stjórnendur og heilsusamlegt vinnuumhverfi.
3. Stöðugildi rekstrarstjóra í öllum grunnskólum.
4. Skilgreint fjárframlag til stjórnunar sérkennslu/ stoðþjónustu í grunnskólum.
5. Fjölga deildarstjórum með leikskólakennaramenntun.
6. Bæta húsnæði, aðbúnað og starfsaðstæður í skóla- og frístundastarfi.
7. Betri nýting á húsnæði SFS fyrir fjölbreytta þjónustu við borgarbúa.
8. Skýrari ferlar og yfirfærsla verkefna.
9. Námskeið fyrir nýliða og stjórnendur. Móta og skýra verkferla vegna mannauðsmála o.fl.
10. Stofna gæðateymi vegna innleiðingar Hlöðunnar.
11. Innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í alla borgarhluta
12. Skapa vettvang sem tryggir að þekking og lærdómur flæði á milli starfseininga.
13. Skilgreina launaferil sem lýsir ábyrgð, umfangi og hlutverki ólíkra aðila sem tengjast launavinnslu starfsmanna. Tryggja að hugbúnaður og tæknilegt umhverfi styðji við skilvirkni í ferlinu og sé notendavænt.
14. Gæðamál og ferlar í mannauðsþjónustu.
15. Afleysingastofa.
16. Aukin samhæfing þjónustu SFS og VEL vegna hegðunarvanda barna og unglunga

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tveimur eftirfarandi tillögum úr skýrslunni Fagleg staða stjórnenda í skóla- og frístundastarfi til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2023.

1. Aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra til að leiða störf ófaglærðra sem starfa við uppeldi og menntun barna.
2. Fleiri fagmenntaðir starfsmenn í heilsársstörfum á vettvangi frístundastarfsins.